

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

21.nóv. 2014  
Tilv. 40.13

**Efni: Umsögn Landspítala um tillögu til þingsályktunar um gerð framkvæmdaáætlunar til langs tíma um uppbyggingu heilbrigðiskerfisins.**

Vísað er til erindis frá nefndasviði Alþingis, dags. 13.11.2014, þar sem óskað er umsagnar Landspítala um ofangreinda þingsályktunartillögu. Umsögn Landspítala fer hér á eftir.

LSH fagnar tillögunni og telur hana mikilvægt skref í þá átt að mótuð verði heildstæð stefna um heilbrigðismál til lengri tíma.

Almennt telur LSH tillöguna góða en vill benda á eftirtalin atriði :

- a. Fjármagn verður að fylgja verkefninu. Í tillögunni segir að meta þurfi hvort þörf sé á sérfræðiaðstoð – LSH telur einsýnt að óhjákvæmilega kalli verkefnið á slíka aðstoð og annan kostnað.
- b. Ekki er alveg ljóst af tillögunni hvort eingöngu er átt við þjónustu við aldraða eða heilbrigðisþjónustu almennt. Þetta þarf að skýra.
- c. Heilbrigðistækni eða velferðartækni er veigamikill þáttur í þróun heilbrigðisþjónustu í dag – ekki síst langtímaþjónustu við aldraða hvort sem er í heimahúsum eða á hjúkrunarheimilum. Notkun netsins til samskipta notenda og fagfólks er einn liður í þessu. Vel færi á að auka áherslu á þennan þátt enda er hann til þess fallinn að draga úr kostnaði og styðja við sjálfstæði og valfrelsi einstaklinga um búsetu og lífsstíl.
- d. Samkvæmt skýrslu Boston Consulting Group sem unnin var fyrir heilbrigðisráðuneytið árið 2011 er samræmd rafræn sjúkraskrá nauðsynleg undirstaða gæðapróunar og hagræðingar í heilbrigðiskerfinu og er mikið verk óunnið hérlandis. Framkvæmdaáætlun á borð við þá sem lýst er í þingsályktunartillögunni krefst þróunar á þessu sviði strax frá upphafi.
- e. Samhliða umræddri framkvæmdaáætlun er nauðsynlegt að styrkja eftirlit með heilbrigðisþjónustu á landinu, meðal annars þjónustu í heimahúsum og á hjúkrunarheimilum. Slíkt eftirlit er forsenda gæða og hagræðingar óháð rekstrarformi.

Virðingarfyllst,



Páll Matthíasson, forstjóri